

ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐARBÓK FRÆDSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

130. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 21. mars kl. 14:00 í Grunnskólanum á Borðeyri.

Mættir undirritaðir.

Dagskrá:

Kynning á skólastarfinu á Borðeyri.

Kristján Sigurðsson skólastjóri kynnti skólastarfið á Borðeyri, ásamt Öldu B Sverrisdóttur skólalíða og Katrínu Kristjánsdóttur kennara og fundarmenn skoðuðu húsnæðið.

Næsta vetur færast nemendur á miðstigi til Laugarbakka. Kristján Sigurðsson skólastjóri ásamt Láru Guðrúnu Agnarsdóttur kennara og Vigdís Gígju Ingimundardóttur starfsmanni á leikskóla munu ekki starfa við skólann næsta vetur. Annað starfsfólk í vetur eru Alda B Sverrisdóttir skólalíði, Oddný Ásmundsdóttir starfsmaður á leikskóla, Stefanía Jónsdóttir matráður. Einnig hafa Kathrin Marta Schmidt, Kim Salbjörg Olivia Weaving og Sveinn Karlsson sinnt stundakennslu. Eyjólfur og Magnús hafa sinnt skólaakstri. Tónlistarkennsla hefur verið frá tónlistarskólanum í Húnaþingi vestra.

Skólinn á Borðeyri hefur lagt mikið upp úr leiklist og tónlist í vetur, ásamt útikennslu. Mikil samkennsla er í skólanum.

Skólastarf hófst 15. ágúst og því lýkur 15. maí, bæði fyrir börn á leikskólaaldri og grunnskólaaldri. Leikskólabörn hafa verið fjóra daga í viku í skólanum og grunnskólabörn sækja skólann á víxl í fjóra eða fimm daga á viku.

Fræðslu- og félagsmálastjóri sagði frá því að Guðrún Lára Magnúsdóttir leikskólastjóri Ásgarðs mun stýra skólastarfi á Borðeyri næsta vetur. Áfram verður samstarf við Grunnskóla Húnaþings vestra fyrir grunnskólanemendur og munu nemendur fara reglulega í Grunnskólann á Hvammstanga. Auglýst verður eftir leikskólamenntuðum aðstoðarleikskólastjóra á Ásgarð sem mun hafa starfsskyldur 4 daga í viku á Borðeyri og einn dag í viku á Hvammstanga. Framundan er fundur fræðslu- og félagsmálastjóra ásamt skólastjórum grunnskóla og leikskóla Húnaþings vestra, með foreldrum skólabarna á Borðeyri um samþættingu skólastarfsins.

Formaður fræðsluráðs óskar eftir upplýsingum til fræðsluráðs um fund með foreldrum skólabarna á Borðeyri.

Fundargerð rituð af Eydísi Aðalbjörnsdóttir, fræðslu-og félagsmálastjóra.

Fundargerð upplesin og samþykkt
Rakel Runólfssdóttir (sign.),
Gísli G. Magnússon (sign.),
Ólöf Þorsteinsdóttir(sign),

Fundi slitið kl: 14.55

Valdimar H. Gunnlaugsson(sign.).
Sigrún Waage(sign)